

Kæru nemendur, foreldrar og forráðamenn,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsúmverfi þeirra, virkni í námi og líðan. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Námsúmverfi	Virkni í námi	Líðan
<ul style="list-style-type: none">• Viðhorf og hollusta til skólans• Samsömun við nemendahópinn• Stuðningur kennara við nemendur• Virk þáttaka nemenda í tímum• Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)• Hvattning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	<ul style="list-style-type: none">• Námsáhugi• Vinnulag í námi• Fjarvera: Seinkomur í tíma• Fjarvera: Skróp í tíma• Fjarvera án leyfis heilan dag• Ástæður fjarveru	<ul style="list-style-type: none">• Vellíðan• Hamingja• Sjálfsálit• Stjórn á eigin lífi (stjórnrót)• Punglyndi• Kvíði• Svefnleysi• Ástæður svefnleysis• Einelti• Áreitni og ofbeldi

Þeir nemendur sem lenda í úrtakinu svara spurningalista á netinu einu sinni á árinu og tekur um 20 mínútur að svara listanum. Könnunin er hluti af lögbundnu innra mati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörum hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörum.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar ([https:](https://))** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörum um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalssprungum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á www.visar.is undir Persónuverndarstefna.

Vísar rannsóknir, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á www.visar.is. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á personuvernd@visar.is.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin(n) því að þú (eða barn þitt) geti lent í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnuna eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.